

Stuttar leiðbeiningar um notkun handvirkis skiptiborðs með snúrum.

Lýsing:

Í borðplötunni eru 10 svartir skiptihnappar og 10 snúrupör, sem tilheyra samsvarandi skiptihnappi. Í hverju snúrupari eru fremri og innri snúra (rauð og grá). Hægra megin hnappaðarinnar er 1 rauður skiptihnappur, sem ekki er notaður í þessum leiðbeiningum. Vinstra megin hnappaðarinnar er 1 svartur þrýstihnappur. Framhlið skiptiborðsins inniheldur hnappa, snúruslíður, klaffa og klukku. Neðst eru 2 hnappar, hnappur NA er vinstra megin. Hægri hnappurinn er ekki notaður í þessum leiðbeiningum.

Þar fyrir ofan eru 10 klaffar (afhringiklaffar), sem tilheyra samsvarandi snúrupörum. Nokkru ofar eru 4 raðir af snúruslíðrum. Neðsta röðin er notendalínur nr. 1-10, síðan koma notendalínur nr. 11-20. Þá kemur ónotuð slíðurröð, og efsta slíðurröðin er til að tengja bjöllur, t.d. vaktbjöllur.

Þar næst koma 2 raðir af klöffum (upphringiklaffar), sem tilheyra notendalínum nr. 1-10 og 11-20.

Í efstu plötu frnhliðarinnar er 1 viðtalsbilaklukka.

Notkunarleiðbeiningar:

Hringingu notanda svarað:

Þegar notandi hringir í skiptiborðið fellur hans viðkomandi klaffi, t.d. klaffi nr. 1. Skiptiborðið (Bella símamær), svarar notandanum með því að ýta skiptihnappi snúruparsins í svarstöðu, þ.e. frá sér, og stinga svarsnúrunni (gráa snúran) í slíður notandans, og ef við á, heldur hún/ hann inni hnappnum í heyrnartólinu, þegar hún/ hann svarar. Ef erindið var ekki annað, lýkur Bella samtalinu með því að losa skiptihnappinn úr svarstöðu, taka snúruna úr slíðrinu og lyfta klaffanum upp í hvíldarstöðu.

Ef hinsvegar er beðið um samband við, t.d. línu nr. 10, tekur Bella hringisnúru snúruparsins (rauða snúran) og stingur henni í slíður nr. 10. Þvínæst hringir Bella í notanda nr. 10 með því að þrýsta að sér skiptihnappi snúruparsins og og snúa hringirafalnum hratt sólarinnis.

Ef notandi nr. 1 leggur heyrnartólið á, á meðan beðið er aftir samtalinu við nr. 10, getur Bella hringt til baka með því að halda niðri svarta þrýstihnappnum og snúa hringirafalnum, ath. að skiptihnappurinn er í talstöðu með á þessu stendur. Að því búnu tengi Bella notendurna saman, með því að losa Skiptihnapp snúruparsins úr svarstöðu. Að loknu símtali hringir annarhvor notandinn, til að tilkynna lok símtalsins, en við það fellur afhringiklaffi snúruparsins, og Bella tekur snúrurnar ú slíðrunum og lyftir klaffanum upp í hvíldarstöðu.

Ath. að ekki voru til staðar teikningar af skiptiborðinu, en ofangreindar lriðbeiningar byggjast á prófunum. Fleiri eiginleikar eru til staðar, t.d. tenging jafnstraumsbjöllu til áréttingar við uppköll og afgreiðslu. Þá er möguleg tenging hringivélar í stað handvirkis hringirafals. Á hægri fót skiptiborðsins er tengiboxið fest. Þar er að finna merkingar um línur og fleira, t.d. rafhlöðu fyrir taldós heyrnartólsins (MB).

Ekki er fjallað nánar um þessa eiginleika í lýsingunni og leiðbeiningunum.